

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,320% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b- og c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,445% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

2. gr.

Aukavatnsskattur, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005:

a) Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 36 pr. m³.

b) Vatn til skipa kr. 324 pr. m³. Lágmarksgjald kr. 3.392.

c) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 43.

Af hverri smálest fiskjar lagðri upp í bræðslu kr. 92.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski kr. 121.

d) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 36.099 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

3. gr.

Mælaleiga fyrir:

Að 40 mm mæli kr. 4.746 á ári

40-49 mm mælir kr. 6.057 á ári

50-74 mm mælir kr. 8.448 á ári

75-99 mm mælir kr. 13.282 á ári

100 mm og stærri mælir kr. 20.511 á ári

4. gr.

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. gr. er innheimt ársfjórðungslega eftir á.

5. gr.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400 m³ kr. 175.483. Fyrir hverja 10 m³ umfram 400 m³ kr. 3.300.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn/veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 1288/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 14. desember 2016.

Seyðisfirði, 27. desember 2016.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.